



PINTEREST



Á Pinterest skoða notendur myndir og geta safnað og vistað (pinnað) í möppur





Margir nota Pinterest til þess að fá hugmyndir til dæmis þegar kemur að tísku, föndri, innanhúsarkitekt o.fl.



Pinterest er að ýmsu leyti frábrugðin öðrum samfélagsmiðlum - hafa ber þó í huga að óviðeigandi efni getur birst á miðlinum



Hægt er að spjalla saman á Pinterest í einka- eða hópskilaboðum





Hlutfall notenda á aldrinum
10 - 13 ára á Íslandi

23%

Aldurstakmark



Hlutfall notenda á aldrinum
14 - 16 ára á Íslandi

43%

Pinterest er myndrænn leitarmiðill þar sem hægt er að leita að og fá hugmyndir í formi myndefnis (e. pins), safna þeim saman og vista á svokölluð safnborð (e. boards). Miðillinn er gjarnan notaður til að fá hugmyndir um t.d. föndur, matargerð, tísku, heimili, hönnun og áhugamál og byggir almennt minna á beinum samskiptum milli notenda heldur en aðrir miðlar.

3 staðreyndir um Pinterest



Hægt að nota án þess að stofna reikning

Pinterest er ekki ætlað börnum yngri en 13 ára. Þrátt fyrir það geta yngri börn rekist á efni inni á miðlinum án þess að vera með sinn eigin notendaaðgang.



Algóritminn mótar upplifun notenda hratt

Það efni sem notendur leita að eða vista hefur bein áhrif á hvaða efni birtist þeim næst. Þetta getur leitt til einhæfra eða endurtekinna þema, sérstaklega um útlit, líkamsímynd eða lífsstíl.



Auglýsingar og markaðsefni oft dulbúið sem innblástur

Mikið af efni á Pinterest er styrkt (e. sponsored) af fyrirtækjum og eru í raun auglýsingar í dulbúningi, sem gerir börnum og ungmennum erfiðara fyrir að átta sig á því hvenær er verið að markaðssetja vörur og/eða þjónustu til þeirra og hvenær ekki.